

Áfangalýsing – Lífsleikni

Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2012

§

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

LKN 1A01

Fjöldi eininga

1

Undanfari

Enginn

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er áhersla lögð á að nemendur geri sér grein fyrir námskröfum skólans og aðlagist vel nýju skólastigi og skólaumhverfi. Farið er í skipulagningu á tíma og námi og kynntar eru árangursríkar námsaðferðir sem nemendur eiga að nýta í námi sínu í hinum ýmsu námsgreinum. Áhersla er lögð á að hver og einn átti sig á eigin vinnulagi, styrkleikum og veikleikum í námi og hvernig megi bæta árangur.

Kennslugögn:

- Efni frá kennara
- Efni af Netinu

Námsmat:

Námsmat í áfanganum byggir á fjölbreyttum verkefnum úr ólíkum efnispáttum, einstaklinsverkefnum, hópverkefnum, ástundun og virkni.

Áfangalýsing – Lífsleikni

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- því námi og þeim námsmöguleikum sem í boði eru
- því stuðningskerfi sem skólinn býður upp á
- aðferðum til að skipuleggja tíma og nám
- árangursríkum námsaðferðum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér það stuðningskerfi sem skólinn býður upp á
- gera námsáætlun
- nýta tíma sinn vel og nota námsaðferðir sem skila árangri
- setja sér markmið sem námsmaður og einstaklingur

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera virkur einstaklingur í skólasamfélaginu sem tekur ábyrgð á eigin gjörðum
- geta dafnað sem námsmaður á framhaldsskólastigi
- taka ábyrgð á eigin námi